

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 8. júlí 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 21⁰⁰. Fundurinn var boðaður með skömmum fyrirvara og hreppsnefndarmenn höfðu því ekki fengið dagskrá eða fundarefni sent fyrir fundinn. Á skrifstofu Höfðahrepps voru mætt: Adolf H. Berndsen, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson. Í símasambandi voru Jensína Lýðsdóttir og Gunnar Þór Gunnarsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kántrýhátíð 2002:

Oddviti gerði grein fyrir þeirri stöðu sem væri í undirbúningi Kántrýhátíðar að kostnaðaráætlun vegna hátíðarhaldsins sé nærri 13 milljónum króna miðað við 5-6 þús manna hátíð. Hluti þessa kostnaðar sé vegna löggæslu og öryggisgæslu og fyrirbyggjandi sé að löggæslukostnaður verði 1.300 þúsund. Áhætta af hátíðahaldinu hafi aukist verulega frá því sem verið hafi undanfarin ár og flestir þættir hátíðarhaldsins orðið kostnaðarsamari. Hreppsnefnd þurfi því að endurmeta afstöðu til þess hvort hátíðin verði haldin í ljósi nýrra upplýsinga. Í raun megi segja að um þrjá valkosti sé að ræða:

- I. Að halda óbreyttri stefnu og halda Kántrýhátíð samkvæmt þeim hugmyndum sem unnið hefur verið að.
- II. Að halda kántrýhelgi þar sem haldinn verði eingöngu dansleikir í Fellsborg og Kántrýbæ en ekki með formlegri útidagskrá og því þurfi ekki leyfi fyrir hátíðahaldi og ekki sérstaka öryggis eða löggæslu.
- III. Að blása allt hátíðahald af og auglýsa að engin hátíðahöld verði á Skagaströnd um verslunarmannahelgina.

Miklar umræður urðu um kántrýhátíðamál og sýndist sitt hverjum um hvað best væri að gera í stöðunni. Atkvæðagreiðsla var höfð um fyrrgreinda valkosti með nafnakalli og varð niðurstaða eftirfarandi:

Leið I. Magnús, Jensína og Gígja

Leið II. Adolf

Leið III. Gunnar Þór.

Niðurstaðan var því sú að halda óbreyttri stefnu um að hafa Kántrýhátíð og vinna áfram að undirbúningi hennar.

2. Bréf KH. um Einbúastíg 1, dags. 2. júlí 2002.

Fyrir fundinum lá bréf Lúðvíks Vilhelmssonar kaupfélagsstjóra Kaupfélags Húnvetninga þar sem óskað er eftir viðræðum við hreppsnefnd um sölu eða niðurrif á gamla verslunarhúsinu við Einbúastíg 1. Í bréfinu kemur fram að ef einhver áhugi heimamanna sé til að varðveita húsið sé óskað eftir að hreppurinn komi að því að kaupa húsið eða aðstoði við að finna kaupanda. Í umræðum um málið kom fram að kaupfélaginu hefur borist tilboð í húsið sem þurfi að svara innan sólarhrings og því sé ekki tími til stefnu til mikilla viðræðna við kaupfélagið gagnvart því hvornig því tilboði verði svarað. Niðurstaða hreppsnefndar var að

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

ekki væri vilji til að kaupa húsið á þessu stigi en fram koma að hreppsnefndarmenn skorudust ekki undan að ræða framtíð hússins við fulltrúa kaupfélagsins ef þess væri óskað.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 22.³⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)